


# Eyjar Guðbjargar Lindar í Artóteki

„ÉG ÁKVAÐ að nota tækifærið og líta yfir farinn veg, því það er svo lærdómsríkt að skoða samhengi hlutanna.“ segir Guðbjörg Lind Jónsdóttir myndlistarmaður, en sýning á verkum hennar var opnuð í gær í Artóteki Borgarborgasafnsins í Tryggvagötu. „Þá kviknaði sú hugmynd að draga fram verk sem ég málaði á árunum 1997-1998 og sýnt var í Listasafni ASÍ í janúar 1999 á sýningunni Áfangar á kyrru hafi. Verkið heitir Breiðafjörður og er einskona eyjasafn, þar sem ég safna saman á einn flöt mörgum eyjum. Verkið kallast á við önnur verk sem ég hafði málað af stökum eyjum bæði fyrir þessa sýningu og sýningu mína Við ystu sjónarrönd 1996. Þessar eyjar voru mjög skúlptúrískar eða formfastar enda vann ég þær einnig í þrívídd úr pappamassa og raðaði þeim upp með málverkunum,“ segir Guðbjörg.

Í sumar þáði hún boð um að taka þátt í sýningu



**Breiðafjörður** Eyjar Guðbjargar Lindar.

unni „Small Islands“ á Prince Edwards-eyju í Kanada. „Fyrir sýninguna vann ég myndröð í vatnslit á pappír. Ég áttaði mig ekki á því strax en sé það núna að verkið Breiðafjörður hefur í þessum pappírsverkum eignast afkvæmi sem öll eru stök og sjálfstæð en samt hluti af heild.“

Á sýningunni eru olíumálverk, vatnslitamyndir og skúlptúrar, en þetta er 21, einkasýning Guðbjargar Lindar. Hún hefur áður sýnt í Listasafni ASÍ, Hafnarborg, Listasafni Ísafjarðar, Hallgrímskirkju og víðar. Hún hefur tekið þátt í á fjórða tug samsýninga á Íslandi og erlendis. Guðbjörg hefur setið í nefndum og sinnt ýmsum störfum fyrir hönd Félags íslenskra myndlistarmanna. Listaverk eftir Guðbjörgu eru í eigu fjölmargra listasafna, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi og erlendis. Sýningin stendur til 18. nóvember og er opin mánudaga kl. 10-21, þriðjudaga-fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.